



Faghópur II

Fundargerð 9. fundar

Iðnaðarráðuneytinu 4. júní 2009, kl. 8:30

Mætt: Anna G. Sverrisdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, Ólafur Örn Haraldsson, Sveinn Runólfsson, Rögnvaldur Ólafsson og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

Forföll:

Fundarfrásögn:

1. **Fundargerðum síðustu tveggja** funda hafði ekki verið dreift og eru því enn ósamþykktar.
1. **Útfærsla aðferðafræði.** Anna Dóra og Rögnvaldur tóku að sér að útfæra þá aðferðafræði sem lögð er til grundvallar vinnu hópsins og lögðu á fundinum fram gögn þar að lútandi. (Sjá vinnusvæði hópsins á heimasíðu rammaáætlunar þar sem endurskoðuð útgáfa liggur að teknu tillit til ábendinga sem fram komu á fundinum.) Útfærslan byggir aðallega á nálgun faghóps 2 úr 1. áfanga og samsvarandi vinnu frá norsku rammaáætluninni sem þó náði aðeins til vatnsaflskosta.
 - a. Samkvæmt tillögnum skal í upphafi meta verðmæti svæða. Hvernig er staðan að óbreyttu og hvernig geta málin litið út eftir að virkjunarframkvæmdum lýkur? Mismunur á þessu tvennu teljast áhrif virkjunar.
 - b. Viðföngum er skipt í fjögur stig: A) Upplifun, B) Afþreyingarmöguleika, þjónustu og innviði, C) Notkun og D) Tengsl við aðra mikilvæga ferðamannastaði. Viðfangi B) er skipt í tvo markhópa: B1) Þjónustusinnar (vilja hátt þjónustustig) og B2) Náttúrusinnar (vilja lágmarks- eða enga þjónustu og sem minnst áhrif á lítt snortna náttúru). Í athugasemdum Önnu Dóru og Rögnvaldar segir:
 - „Ekki er til nein landnýtingaráætlun ferðamennsku á landinu og því ekki vitað til hvaða markhópa svæði eiga að höfða. Þessa markhópa er hægt að greina á ýmsan hátt og er hér sett fram tillaga um skiptingu í náttúrusinna og þjónustusinna. Við mat á svæðum er óhjákvæmilegt að taka afstöðu til þess hvaða markhópur sækir svæðið heim eða mun sækja svæðið heim. Þessir markhópar hafa mjög mismunandi afstöðu til upplifunar og ekki síður mannvirkja. Spurning er hvort að í vinnu Rammaáætlunar verði reynt að meta svæði frá sjónarhorni þessara ólíku markhópa.“
 - c. Tillögu að vægi viðfanga og undirviðfanga má skoða á afriti á vinnusvæði heimasíðu rammaáætlunar.
 - d. Aðgengi að stöðum byggir á framkvæmdum og er því “mannanna verk”; nýr vegur, flugvöllur, þjónusta, o.s.frv.
 - e. Fram kom að þar sem mjög takmörkuð gögn liggja frammi verður matið ávallt huglægt að verulegu leyti.
 - f. Einkunnagiöf. Velt var upp þeim möguleika að hafa mismunandi einkunnagiöf fyrir vatnsaflssvæði og háhitasvæði. Rætt um rök með og á móti línulegum einkunnaskala.

- g. Næstu skref eru fínþússning á pappírnum og að allir meðlimir kynni sér vel tillöguna og sendi inn athugasemdir og breytingatillögur. Síðan tekur við verðmætamat á tilteknu svæði til að prófa aðferðarfræðina og síðan mat einstakra virkjanasvæða.
 - h. Fundurinn lýsti yfir mikilli ánægju með tillögurnar og að vinna Önnu Dóru og Rögnvaldar hefði skilað starfi hópsins verulega áleiðis.
2. **Fundir með þingflokkum.** Anna Sverrisdóttir sagði frá kynningarfundum með þingflokkum Samfylkingar og Framsóknarflokks og fyrirhuguðum opnum kynningarfundum 9. júní.
 3. **Staðsetning virkjana.** Hlaupið var hratt yfir glærुकynningu frá fundum með þingflokkum þar sem sýnd er staðsetning virkjunarkosta.
 2. **Næsti fundur** verður haldinn 11. júní í lðnaðarráðuneyti. Stefnt að fundum alla fimmtudaga í júní.